



**ÍSAFJARÐARBÆR**

Hafnarstræti 1 | 400 Ísafjörður  
S: 450 8000 | Fax: 450 8008 | www.isafjordur.is

Orkubú Vestfjarða ohf.  
Pósthólf 220  
400 Ísafjörður

Ísafjörður, 13. júlí 2017  
2017070030

**Efni : Strenglagning um Kirkjubólshlíð - Umsókn um framkvæmdaleyfi**

Á 480. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 12.07.2017 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Orkubú Vestfjarða ohf. sækir um framkvæmdaleyfi vegna strenglagningar á Kirkjubólshlíð. Núverandi loftlína verður lögð niður og nýr strengur plægður í jörð í gamla veginn meðfram ljósleiðaralögn Mílu og þar sem gamli vegurinn endar verður lagnaleið meðfram núverandi vegi 30 þ.e. metra frá miðlínu vegar. Fylgigögn eru eftirfarandi:

Umsókn um framkvæmdaleyfi dags. 10.07.2017

Heimild frá landeigendum Ytri Húsa dags. 19.06.2017

Heimild frá landeigendum Heimabæjar ódagsett.

Heimild frá landeigendum Fremri Húsa

Umsögn Minjastofnunar varðandi fyrirhugaða lagnaleiðs dags. 06.04.2017

Almenn verklýsing

Bókun nefndarinnar:

*Nefndin tekur jákvætt í erindið en telur ákjósanlegast að strengurinn liggi í vegrás Vegagerðar, þar sem jarðrask yrði lágmarkað með þeirri tilhögun.*

*Sigurður Mar Óskarsson vék af fundi við afgreiðslu erindisins.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Axel Rodríguez Överby  
- skipulags- og byggingarfulltrúi -  
